

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar - Febrúar 2017

Atvinnulausum fækkaði hratt í lok febrúar

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 2,9% og minnkaði um 0,1 prósentustig frá janúar. Eftir að sjómannaverkfalli lauk síðari hluta febrúar fækkaði hratt á atvinnuleysis-skrá, en frá lokum janúar til loka febrúar fækkaði um 1.221 á skrá, úr 5.808 í lok janúar í 4.587 í lok febrúar.

Atvinnuleysi mun lækka nokkuð hratt í mars þegar áhrifa sjómannaverkfallsins hættir að gæta, auk þess sem atvinnuleysi tekur jafnan að lækka í mars sökum árstíðasveiflu.

Um 1.760 manns fóru af atvinnuleysissskrá og í vinnu í febrúar. Gera má ráð fyrir að fjöldinn sé meiri, því um 230 manns að auki fóru af skrá án þess að geta skýringa.

Gert er ráð fyrir að yfir 20.000 erlendir ríkisborgarar séu á vinnumarkaði nú í byrjun árs 2017, eða um 10,7% af vinnuaflinu. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði hratt á vinnumarkaði á árinu 2016 og áframhaldandi vöxtur í ferðaþjónustu og byggingariðnaði bendir til að þeim muni fjölga með svipuðum hraða á þessu ári.

Útgáfa atvinnuleysa til fólks frá ríkjum utan EES hefur farið vaxandi síðustu misseri, en útgáfa atvinnuleysa helst í hendur við þá þenslu sem er á vinnumarkaði. Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 170 atvinnuleysi til útlendinga til að starfa hér á landi og hefur gefið út 312 slík leyfi það sem af er árinu, samanborið við 231 leyfi fyrstu tvo mánuði ársins 2016.


Þeir útlendingar sem fengið hafa atvinnuleysi á árinu 2017 koma frá 47 ríkjum. Flestir koma þó frá Bandaríkjunum og Filippseyjum.

Alls greiddi Fæðingarorlofsjóður rúmlega 787 milljón krónur til 3.709 foreldra í febrúar, 2.741 konu og 968 körlum og fækkaði körlum í fæðingarorlofi um tæplega 300 milli mánaða.

Gerðir voru 37 nýir vinnusamningar öryrkja í febrúar, en í heild eru 827 virkir samningar á landinu öllu.

Í febrúar fóru 275 einstaklingar á ýmis starfstengd námskeið á borð við tungumálanámskeið, öku-réttindanámskeið, tölvunámskeið og bókhalds-námskeið.

Skráð atvinnuleysi í febrúar 2015 til febrúar 2017



Greining atvinnuleysis


Atvinnuleysi í febrúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í febrúar mældist 2,9% og voru að jafnaði 5.082 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Gert er ráð fyrir því að atvinnuleysi í mars fylgi nú árstíða-sveiflu líkt og síðustu ár eftir að verkfalli sjómanna lauk seinni hluta febrúar og lækki því töluvert í marsmánuði.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi minnkaði í flestum landshlutum og þá einkum þar sem atvinnuleysið hafði aukist hvar mest vegna sjómannaverkfallsins. Mest var atvinnuleysið á Vestfjörðum, eða 5,3%, en hafði þó lækkað úr 5,8% frá fyrri mánuði. Næstmest var atvinnuleysi á Norðurlandi eystra, 4,9%, og á Suðurnesjum, 4,4%.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 2.536 karlar að jafnði atvinnulausir í febrúar og 2.546 konur. Atvinnuleysi var 2,7% meðal karla og 3,3% meðal kvenna í febrúar og er nú 0,1 prósentustigi meira meðal beggja kynja en í febrúar 2016.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.071 milljón Í FEBRÚAR

Þar af voru:

946 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

33 milljónir vegna barnadagpeninga.

92 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Atvinnulausum fækkaði nokkuð jafnt í öllum aldurs- hópum að þeim allra yngstu (16-19 ára) frátöldum þar sem fjöldinn stóð nánast í stað. Einnig fækkaði atvinnulausum hlutfallslega minna í elsta aldurshópnum (65-69 ára). Alls voru 630 á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok febrúar í ár sem samsvarar um 2,4% atvinnuleysi.


Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 894 verið án atvinnu í yfir 1 ár í lok febrúar en 1.095 í febrúarlok 2016 og hefur því fækkað um 201 milli ára. Þeim sem verið höfðu án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fjölgaði lítilsháttar frá janúar og voru 1.685 í lok febrúar en 1.626 í lok janúar. Hins vegar fækkaði þeim frá febrúar í fyrra en þá voru þeir 2.139.

Atvinnuleysi eftir menntun og störfum

Þegar litið er á menntun fækkaði atvinnulausum mest úr hópi fólks með grunnskólapróf, sem tengist beint lokum sjómannaverkfallsins og þar með endurráðningum fiskverkafólks. Einnig fækkaði töluvert fólki með próf úr framhaldsskóla, hvort heldur er fólki með stúdentspróf, iðnmenntun eða annars konar menntun.

Fjöldi atvinnulausra eftir menntun



Einnig fækkaði fólki með háskólapróf á atvinnuleysis-skrá, en þó minna en öðrum hópum.

Þessi fækkun sem varð á skrá í kjölfar loka sjómanna- verkfallsins endurspeglar einnig í fækkun atvinnu- lausra úr hópi verkafólks og sérhæfðs iðnverkafólks þegar lítið er á starfsstéttir og úr fiskvinnslu þegar lítið er á atvinnugreinar. Lítil fækkun varð í öðrum starfsstéttum og atvinnugreinum, nema hvað atvinnu- lausum fækkaði nokkuð í flutningastarfsemi.

Alls voru 1.134 atvinnulausir með háskólamenntun í febrúar í ár og hefur þeim fækkað um 128 milli ára. Hlutfall þeirra af öllum atvinnulausum er hins vegar svipað og í febrúar í fyrra eða tæp 25% þeirra sem voru á atvinnuleysis-skrá í lok mánaðar.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.103 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok febrúar eða um 24% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 588 frá janúar, sem skýrist aðallega af því sjómannaverkfalli lauk. Af þessum 588 voru 505 starfandi í sjávarútvegi. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 674 eða um 61% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysis-skrá. Þessi fjöldi samsvarar um 5,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara í febrúar.


Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi breytist yfirleitt lítið milli febrúar og mars. Nú má gera ráð fyrir að atvinnuleysi minnki mikið milli þessara mánaða vegna þess að áhrifa sjómanna- verkfallsins er hætt að gæta. Því má gera ráð fyrir því að skráð atvinnuleysi verði á bilinu 2,1% til 2,4% í mars.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi vexti í flestum atvinnu- greinum á árinu, einkum byggingariðnaði og ferða- þjónustu. Gert er ráð fyrir að störfum fjölgi í svipuðum mæli og á árinu 2016 þegar hátt í 7.000 störf bættust við á íslenskum vinnumarkaði. Fjölgun starfa á árinu 2017 verður þó trúlega á breiðara sviði en verið hefur undanfarin ár, meðal annars í auknum mæli í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Almennt má því gera ráð fyrir lækkun atvinnuleysis þó svo sjómanna- verkfallið hafi tímabundið haft neikvæð áhrif á þróun atvinnuleysis, einkum víða á landsbyggðinni.

Því er gert ráð fyrir að atvinnuleysið lækki áfram fram á sumar í takt við hefðbundna árstíðasveiflu og fari niður undir 1,7% yfir sumarmánuðina, en vaxi þá aftur lítið eitt til ársloka.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni




Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru um 2.100 manns af skrá í febrúarmánuði sem er óvenju mikill fjöldi en skýrist af því að fiskvinnslufólk, sem kom inn á atvinnuleysissskrá í desember til febrúar, var endurráðið eftir að sjómannaverkfallinu lauk. Af þeim fóru um 1.760 manns í vinnu og um 240 að auki hættu á skrá án þess að fyrir lægju neinar upplýsingar um ástæður afskráningar. Flestir þeirra staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok febrúar og má gera ráð fyrir að hátt hlutfall þeirra hafi farið í vinnu.

Ástæður þess að atvinnuleitendur afskráðu sig í febrúar



Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu. Þannig fóru 34 af skrá þar sem bótaréttur var fullnýttur, 21 var óvinnufær, 13 fóru í fæðingarorlof og um 40 manns nefndu ýmsar aðrar ástæður, s.s. flutning til útlanda og frí/orlof.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnuáttakstofnunar við atvinnuleitina.

Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnuáttakstofnun miðlaði 15 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í febrúar þar sem fyrirtækið fær fjárhagslegan styrk í allt að 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls var 91 einstaklingur starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í febrúar.

EURES evrópsk vinnumiðlun miðlaði 20 einstaklingum í störf á Íslandi í febrúar eftir að fyrirtæki höfðu óskað eftir starfskrafti í gegnum miðlunina. Gerðir voru 37 nýir vinnusamningar öryrkja en í heild eru 827 virkir samningar. Ráðgjafadeild VMST miðlaði þess utan 13 einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í starf í febrúar á grundvelli samnings VMST og Reykjavíkurborgar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í febrúar

Í febrúar voru 350 störf laus til umsóknar í vinnumiðlun hjá Vinnuáttakstofnun, þar af voru 223 störf sem komu ný inn í febrúar. Alls hafa um 720 atvinnuleitendur fengið boð um að mæta í starfsviðtal í þau störf sem voru laus til umsóknar í febrúar

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í febrúar fóru 575 einstaklingar á stutta kynningar- og starfsleiturfundi þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nýtsamleg verkfæri í atvinnuleitinni. Þátttaka á slíkum fundum var tiltölulega jöfn milli kynjanna eða 284 konur á móti 291 karli.

Í febrúar fóru 275 einstaklingar á ýmis starfstengd námskeið á borð við tungumálanámskeið, öku-réttindanámskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þar er kynjahlutfallið þannig að 63% þátttakenda voru konur á móti 37% körlum. Karlar nýta frekar námskeið sem leiða til ökuréttinda meðan

konur eru fjölmennari á námskeiðum sem tengjast t.d. bókhaldi og skrifstofunámi.

Í febrúar voru 18 atvinnuleitendur í atvinnutengdri endurhæfingu hjá samstarfsaðilum VMST, 12 konur og 6 karlar. Atvinnuleitendur hafa í gegnum tíðina

Þjóðerni þeirra atvinnuleitenda sem fóru á ökuréttindanámskeið í febrúar



■ Íslendingar ■ Erlendir ríkisborgarar

haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskipta-hugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í febrúar unnu 22 einstaklingar að slíkri hugmynd, 6 karlar og 16 konur.

Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjá mánuði fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Við slíkar kringumstæður heldur atvinnuleitandi réttindum sínum áfram á Íslandi meðan á atvinnuleit stendur í öðru landi. Í febrúar fengu 12 einstaklingar U2 vottorð og fóru flestir í atvinnuleit til Póllands eða 10 talsins.

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa einnig þann möguleika að flytja réttindi sín í atvinnuleysistryggingakerfinu til annars EES ríkis. Í febrúar voru 80 einstaklingar sem nýttu sér slíkan rétt sinn og var þá algengast að réttindin yrðu flutt til Póllands eða í 56 tilfellum.

Þjónusta VMST við atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð í Reykjavík 2016


Í febrúar kom út yfirlitsskýrsla um árangur samstarfs-verkefnis Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar sem lítur að þjónustu við atvinnuleitendur sem ekki eru tryggðir í atvinnuleysistryggingakerfinu og eru á fjárhagsaðstoð í Reykjavík. Um er að ræða verkefni sem krefst mikils og sveigjanlegs samstarfs ríkis og sveitarfélags til þess að aðstoða alla atvinnuleitendur við það að komast í störf eða nám.

Á árinu 2016 voru alls 469 atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg í þjónustu Vinnumálastofnunar (VMST). Nýjar tilvísanir á árinu voru 344 talsins.

Alls var 132 einstaklingum vísað aftur til sinnar þjónustumiðstöðvar vegna þess að viðkomandi reyndist ekki vinnufær, mætti ekki í viðtöl eða námskeið, flutti úr sveitarfélaginu eða hætti á fjárhagsaðstoð af öðrum ástæðum.

Það voru því 337 atvinnuleitendur sem gátu nýtt sér þjónustu VMST að fullu. Á myndinni hér að neðan má sjá í grófum dráttum hver afdrif atvinnuleitenda í þessum hópi urðu á árinu 2016.

Afdrif atvinnuleitenda á fjárhagsaðstoð í Reykjavík sem nýtti sér þjónustu VMST árið 2016



■ Fóru í starf ■ Fóru í nám
■ Vísað til baka ■ Héldu áfram í þjónustu 2017

Upplýsingum var miðlað á greiðan og öruggan máta og funduðu tengiliðir VMST og virkniráðgjafar þjónustumiðstöðva borgarinnar reglulega þar sem farið var yfir mál einstaklinga í þjónustu.

Atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð eiga oft erfiðara uppdráttar á vinnumarkaði og hafa oft á tíðum verið lengi án vinnu. Samstarfið við Reykjavíkurborg hefur gert þjónustuna í heild markvissari, skilvirkari og um leið árangursríkari.

Skýrsluna má nálgast í heild sinni [HÉR](#)

AÐSTOÐ VIÐ FLÓTTAFÓLK Í ATVINNULEIT

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar (VMST) fá tilvísanir frá félagsþjónustu sveitarfélags og fleiri aðilum um vinnufæra einstaklinga sem eru tilbúnir í starf.

Fólk mætir í viðtal, fær ráðgjöf í atvinnuleitinni og getur sótt íslenskunámskeið, starfsleitarnámskeið á ensku, sótt um styrki til meiraprófs og fleira í gegnum VMST.

Ráðgjafar leita til atvinnurekenda í ýmsum atvinnugreinum og athuga með störf fyrir fjölbreyttan hóp flóttafólks.

Vinnumálastofnun sér um gerð starfspjálfunarsamninga milli einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga.

Góður árangur hefur verið af starfi með flóttafólki og margir komist í starf með og án stuðnings.

Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði


Útlendingar á vinnumarkaði

Alls voru yfir 20.000 erlendir ríkisborgarar að jafnaði á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2016 samkvæmt áætlun Vinnumálastofnunar, en það samsvarar um 10,3% af vinnuaflinu. Erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði fjölga jafnt og þétt og má ætla að fjöldinn sé nálægt 21.500 nú á fyrstu mánuðum ársins 2017, eða um 10,8% af vinnuaflinu. Hlutfallið er nokkru hærra meðal karla en kvenna, eða um 11,1% meðal karla á móti um 10,5% meðal kvenna.

Útlendingar frá 47 löndum hafa fengið útgefin atvinnuleyfi á árinu 2017

Í febrúar gaf Vinnumálastofnun út 170 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin því gefið út 312 atvinnuleyfi það sem af er ári, en til samanburðar gaf stofnunin út 231 atvinnuleyfi fyrstu tvo mánuði ársins 2016. Þeir útlendingar sem hafa fengið útgefið atvinnuleyfi það sem af er árinu koma frá 47 löndum, en ríflega helmingur útgefna leyfa er til ríkisborgara frá sex löndum.

Fjöldi útgefna atvinnuleyfa til ríkisborgara fjölmennustu sex landanna í jan og feb 2016 og 2017




Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna hefur margfaldast milli ára


Fjöldi þeirra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi heldur áfram að aukast. Í febrúar mánuði voru samtals 40 erlend fyrirtæki starfandi samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 411. Þá voru starfsmenn starfsmannaleigna, innlendra sem erlendra, samtals 974 í mánuðinum á vegum 26 starfsmannaleigna.

Ljóst er að fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja hefur margfaldast á milli ára, sem og fjöldi fyrirtækjanna sjálfra. Meðfylgjandi súlurit sýna aukninguna með skýrum hætti.

Samanburður milli ára
Fjöldi starfsmanna



Samanburður milli ára
Fjöldi fyrirtækja



VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Farið er í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði þar sem kannað er hvort starfandi séu erlend þjónustufyrirtæki og/eða starfsmannaleigur á vinnumarkaðinum sem ekki hafa verið tilkynnt til Vinnumálastofnunar.

Þá leggur stofnunin áherslu á að fara í eftirlitsheimsóknir á starfsstöðvar þeirra erlendu fyrirtækja sem hafa verið skráð til stofnunarinnar þar sem rætt er við fulltrúa þeirra og starfsmenn.

Það sem af er árinu 2017 hafa eftirlitsfulltrúar stofnunarinnar farið í **10 eftirlitsferðir**.

HÓPUPPSAGNIR

Í febrúar var tilkynnt um

2 hópuppsagnir

þar sem 107 starfsmönnum var sagt upp störfum, 80 í framleiðslu og 27 í verslunarrekstri.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI


31 launamanni

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í febrúar.

Fæðingarorlofssjóður

Alls greiddi Fæðingarorlofssjóður rúmlega 787 milljón krónur til 3.709 foreldra í febrúar, 2.741 konu og 968 körlum og fækkaði körlum í fæðingarorlofi um tæplega 300 milli mánaða. Alla jafna fækkar feðrum í fæðingarorlofi milli janúar og febrúar en fækkaði nú meira en búist var við.

Heildargreiðslur Fæðingarorlofssjóðs í febrúar 2017 skipt niður á kyn



Greiðslur til fyrirtækja vegna hráefnisskorts í fiskvinnslu

Alls hafa **54 fyrirtæki** fengið greitt vegna hráefnisskorts í fiskvinnslu í janúar og febrúar sem rekja má til verkfalls sjómanna að stærstum hluta.

Greiðslurnar voru til komnar vegna launagreiðslna til um **1.600 launþega** um allt land.

Heildarupphæð greiðslna er um **218 milljónir** í janúar og febrúar

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl sem auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra